

REGLUGERÐ

um ráðstöfun fjár gengismunarsjóðs 1978 til þess að létta stofnfjár-
kostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir
gengistapi, svo og til þess að auðvelda útvegsmönnum
að hætta rekstri úreltra fiskiskipa sbr. b-lið
b-liðar 3. greinar laga nr. 95/1978.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fjórðungs hluta þess fjár sem kemur í gengismunar-
sjóð, af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar,
fiskmjöls, loðnumjöls, loðnulýsis og saltsildar og helmings þess fjár, sem kemur
í gengismunarsjóð af andvirði annarra sjávarafurða.

2. gr.

Af öllu því fé sem reglugerð þessi tekur til, skal $\frac{1}{4}$ hlutum varið til þess að
létta með gengisstyrkjum stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið
hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, og $\frac{1}{5}$ hluta skal
varið til þess að auðvelda útvegsmönnum með úreltingarstyrkjum að hætta rekstri
úreltra fiskiskipa.

II. KAFLI

Um gengisstyrki.

3. gr.

Styrkfjárhæðir ákveðast þannig, að öllu styrkfénu skal skipt í réttu hlutfalli
við ógreiddar og ógjaldfallnar höfuðstólseftirstöðvar erlendra skulda reiknað á
sölugengi 6. september 1978. Heildarhöfuðstólseftirstöðvar gengistryggðra Fiskveiða-
sjóðslána skulu metnar að $\frac{3}{5}$ hlutum miðað við erlend lán.

4. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausán reikning hjá Fiskveiðasjóði Íslands fyrir
hvert skip, sem skuldar erlent og/eða gengistryggt lán. Heimilt er Fiskveiðasjóði
að halda sérstakan reikning yfir þá styrkfjárhæð sem tilheyrir hverju erlendu eða
gengistryggðu láni fyrir sig. Ef hagkvæmt þykir, er Fiskveiðasjóði heimilt að færa
styrkfjárhæðir samkvæmt reglum þessum sem viðbótarfærslur á þá reikninga sem
stofnaðir voru vegna ráðstöfunar sama eðlis á 600 milljónum króna úr gengis-
munarsjóði 1974, 950 millj. kr. úr gengismunarsjóði 1975 og 19,95% fjár gengis-
munarsjóðs frá febrúar 1978.

5. gr.

Er Fiskveiðasjóði berst fé úr gengismunarsjóði skal hann tekjufæra hina nýju reikninga, samkvæmt ákvæðum 3. gr. Reikningana skal tekjufæra í þeirri röð og þeim mæli, sem áætlað er að gjaldfæra þurti reikningana samkvæmt reglum þessum. Heimilt er Fiskveiðasjóði að geyma á hverjum tíma nokkurn hluta fjár þess, er honum hefur borist úr gengismunarsjóði án þess að tekjufæra sérstaka reikninga fyrir fénu, enda getur sjóðurinn þá tekjufært slíkt fé þegar skyndilega þarf að gjaldfæra reikning af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

6. gr.

Sú fjárhæð sem kemur í hlut hvers skips verður notuð til aðstoðar útgerðum við greiðslu vaxta og afborgana þeirra lána, er styrkirnir tilheyra, svo og til greiðslu á þeim hluta eigin framlags vegna skipakaupa erlendis, sem var umsaminn en ógreiddur hinn 6. september 1978. Fer útborgun styrks fram á fyrsta gjalddaga hinna erlendu gengistryggðu lána, eftir að unnt er að tekjufæra viðkomandi reikninga samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Réttur til styrks samkvæmt reglum þessum fylgir því erlenda eða gengistryggða láni, sem hann er veittur út á, og nýtur því skuldari lánsins hverju sinni styrksins, þótt skuldskeyting eigi sér stað einu sinni eða oftar áður en útborgun fer fram.

8. gr.

Verði inneign á reikningi, þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær misserisgreiðslur, er heimilt að greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar.

9. gr.

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslu-reikning Fiskveiðasjóðs sbr. 5. gr.

10. gr.

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu og gengistryggðu lána, ellegar greiða skipseiganda fjárhæðina.

III. KAFLI**Um úreldingarstyrki.****11. gr.**

Heimilt er að veita eigendum stál- og eikarskipa úteldingarstyrk, til þess að auðvelda þeim að hætta rekstri skipanna.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd til þess að gefa umsögn um styrkþega, fjárhæð styrkja og úthluta styrkjunum.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra tekur, í samráði við Fiskveiðasjóð Íslands, endanlega ákvörðun um greiðslutilhögun og greiðslutíma úreldingarstyrkja og getur hverju sinni sett þau skilyrði fyrir styrkveitingu, sem hann ákveður.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 95/1978 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

**um ráðstöfun gengismunar til að greiða fyrir hagræðingu í fisk-
iðnaði samkvæmt b-lið 3. gr. bráðabirgðalaga
nr. 95 5. september 1978, o. fl.**

1. gr.

Af gengismuni samkvæmt 3. mgr. 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 95/1978 skal endurgeiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu árána 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð. Endurgreiðsla þessi gerist upp og miðast við skuldir hvers flokks afurða fyrir sig sérstaklega, og greiðist af andvirði hans til viðkomandi deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu skuldar hennar við ríkissjóð.

2. gr.

Fjórðungi þess fjár, sem kemur í gengismunasjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru í a-lið 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 95/1978, svo og helmingur þess, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða skal varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skal fé þetta renna til þess lánaflökks Fiskveiðisjóðs Íslands, sem stofnað var til með reglugerð nr. 218 8. júní 1978 til hagræðingar í fiskiðnaði.

3. gr.

Af fé þessu skal veita lán til hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar, m. a. til vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum og annarra ráðstafana, sem horfa til hagræðingar að mati sjóðsstjórnar.

Þau frystihús, sem stöðvað hafa rekstur eða þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað, skulu hafa forgang við lánveitingar samkvæmt reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bættis skipulags í veiðum og vinnslu.

Við úthlutun lánanna skal þess gætt, að lánsfé fari til þess að ná fram bættri nýtingu, hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum, auk betri heildar-nýtingar fjármagns m. a. með samruna fyrirtækja.

4. gr.

Lánin skulu vera til allt að 7 ára og heimilt að ákveða að allt að fyrstu tvö árin séu án afborgana. Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma eftir eðli hvers láns.